

Sp.

546. Tillaga til þingsályktunar

[264. mál]

um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni.

Frá allsherjarnefnd Nd.

Alþingi ályktar:

1. Að skipuð verði 3 manna nefnd, sem verði falið að vinna að eftirfarandi verkefnum:
að meta það brautryðjendastarf, sem Skúli Pálsson hefur unnið við eldi á regnbogasilungi hér á landi;
að meta tjón það, sem kann að verða vegna niðurskurðar á regnbogasilungsstofni Skúla Pálssonar, þar til nýr stofn er orðinn kynþroska og arðbær;
að meta verðmæti stöðvarinnar að Laxalóni með það fyrir augum, að Alþingi samþykki að ríkið festi kaup á henni;
að gera tillögur um uppbyggingu fiskræktarstöðvar að Þóroddsstöðum II í Ölfusi og hvernig þar megi halda áfram þeirri fiskrækt, sem nú er í Laxalóni.
2. Væntanlegur kostnaður vegna máls þessa verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefur um nokkurra mánaða skeið, að eigin frumkvæði, haft til athugunar málefni Skúla Pálssonar á Laxalóni og samskipti hans við opinbera aðila. Málið hefur verið kannað frá mörgum hliðum. Til að afla upplýsinga hafa eftirtaldir aðilar komið til fundar við nefndarmenn og gefið upplýsingar:

Sveinn Snorrason, hrl.,
Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri,

Skúli Pálmason, hrl.,
Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir,
Guðmundur Pétursson, forstöðumaður, Keldum,
dr. Sigurður Helgason, fisksjúkdómafræðingur,
Skúli Pálsson, framkvæmdastjóri, og
Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri.

Svo sem sjá má af þessari upptalningu hefur nefndin rætt við allmarga einstaklinga vegna þessa máls, sem almennt gengur undir heitinu „Laxalónsmálið“, í því skyni að afla greinargóðra og hlutlægra upplýsinga.

Í ljós hefur komið, að hér er um að ræða deilumál, sem erfitt er að leggja á tölulegt mat. Málið er öðrum þræði af tilfinningalegum toga spunnið, og hafa tekist á framkvæmdavilji annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar. Stjórnvöld og embættismenn verða ekki áfellað fyrir að taka tillit til verndunarsjónarmiða gagnvart viðkvæmu lífríki landsins. Því síður er unnt að áfellast athafnamenn, sem vilja efla og auka rekstur sinn.

Það er hins vegar ljóst, að fiskrækt getur verið mjög arðvænleg atvinnugrein, ef rétt er að staðið. Nægir í því sambandi að minna á reynslu Dana, Norðmanna og fleiri þjóða. Það er þess vegna skoðun nefndarmanna, að Alþingi beri að gera það sem í þess valdi stendur til að greiða fyrir framförum í þessari atvinnugrein, án þess að tekin sé ástæðulaus áhætta.

Skúli Pálsson hóf eldi á regnbogasilungi árið 1951 eftir að hafa flutt regnbogasilungshrogn til landsins. Þekkingu á fisksjúkdómum hefur fleygt fram síðan þá. Vegna fjáskorts og af öðrum ástæðum var ekki fyrir hendi hér á landi aðstaða né sérhæfðir starfskraftar til að ákvarða óumdeilanlega heilbrigði regnbogasilungingsins. Hins vegar hefur ekki í röskan aldarfjórðung fundist neinn kvilli í regnbogasilungsstofninum.

Stjórnvöld hafa á þessu árabili verið á varðbergi gagnvart hugsanlegum sjúkdómum og enga áhættu tekið. Þessa afstöðu hafa sumir nefnt óeðlilega tregðu embættismanna og stjórnvalda. Árið 1976 gerðist það svo, að staðfest var nýrnaveiki í laxastofni að Laxalóni. Þar eð ekki þykir sannað að regnbogasilungur geti ekki borið þennan sjúkdóm, þótt hann sýkist ekki sjálfur, þykir nefndinni rétt að farið verði að tillögum dr. Sigurðar Helgasonar um niðurskurð á regnbogasilungsstofninum að klaki loknu á vori komanda. Ætlunin er að sóttþreinsa hrognin og koma upp nýjum stofni.

En hver sem upptök deilunnar um regnbogasilunginn kunna að vera, er ljóst að með árunum hefur mikill hiti færst í hana. Óhætt mun að fullyrða að þar hefur verið farið út fyrir skynsamleg mörk. Verður ekki séð að slíkar deilur séu til þess fallnar að auka gagnkvæmt traust þegns og stjórnvalds.

Ógerlegt er að meta nákvæmlega hugsanlegt tjón vegna varfærni stjórnvalda gagnvart regnbogasilungsræktun á undanförunum árum, varfærni sem m. a. byggist á því, að nauðsynleg aðstaða hefur ekki verið fyrir hendi til rannsókna. Hér er átt við hugsanlegt tjón Skúla Pálssonar og þjóðarheildarinnar. Vegna þess að hér getur verið um arðvænlega atvinnugrein að ræða er það skylda Alþingis að vera hvetjandi, en ekki letjandi, þegar um þessi mál er fjallað. Um leið ber og að taka fyllsta tillit til álits hæfustu sérfræðinga.

Ekki leikur vafi á því, að Skúli Pálsson hefur orðið fyrir og á eftir að verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þróunar mála. Hætt er við að tilraunin að Laxalóni, fái hún þann endi sem nú blasir við, muni draga kjark úr öðrum sem hug hafa á svipuðum tilraunum. Þess vegna gerir allsherjarnefnd þær tillögur, sem hér hefur verið lýst.